

AUGLÝSING

um deiliskipulagsbreytingu á svæði Keflavíkurflugvallar, austursvæði, Háaleitishlað.

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar samþykkti 24. júní 2024 breytingu á deiliskipulagi á svæði Keflavíkurflugvallar, austursvæði, Háaleitishlað.

Meginbreyting skipulagsins felst í að afmarka nýja 400 fermetra lóð við Pétursvöll fyrir fjarskiptastarfsemi á ónotuðu opnu svæði innan afmörkunar deiliskipulagssvæðisins. Til stendur að rífa það húsnæði þar sem núverandi starfsemi er, við Háaleitishlað 22. Heimilt er að byggja allt að 30 fermetra tækjahús og reisa allt að 30 metra hátt fjarskiptamastur innan nýju lóðarinnar.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

F.h. skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar, 4. september 2024,

Björn Ingi Edvardsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 18. september 2024